



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 16. september 2016
R16090090

Borgarráð


Vegamótastígur 7-9, bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag um bílastæði fyrir hreyfihamlaða gegnt Vegamótastíg 7-9.

Greinargerð: Eigendur Vegamótastígs 7-9 sem hyggja á uppbyggingu á lóðinni í samræmi við samþykkt deiliskipulag hafa ákveðið að falla frá því að hafa bílakjallara undir húsinu m.a. vegna vandamála við fleygun hans. Ekki er heimilt að kaupa sig frá bílastæðakröfu vegna stæðis fyrir hreyfihamlaða. Þegar ekki er unnt að útvega stæði fyrir hreyfihamlaða eru fordæmi fyrir því að Reykjavíkurborg veiti ótímabundna afnotaheimild af merktu stæði á borgarlandi. Hægt er að breyta gangstétt framan við stæði og koma stæðinu fyrir þar, þannig að ekki þurfi að fella tvö stæði úr borgarlandi í stað eins en stæði fyrir hreyfihamlaða eru stærri en venjuleg bílastæði. Samið er um að eigandi muni kosta þá breytingu að fengnu framkvæmdaleyfi hjá Reykjavíkurborg. Greitt er fyrir stæðið í samræmi við gjaldskrá fyrir bílastæði þegar ekki er unnt að útvega bílastæði innan lóðar og kaupa þarf sig frá bílastæðakröfu.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:
Yfirlitsmynd
Undirritað samkomulag með fyrirvara um samþykki borgarráðs.



Afstöðumynd 1:1000

Verkhelti:

Vegamótastígur 7 & 9

101 Reykjavík

Verkhlut:

Bílastæði fyrir hreyfihlaða

Telknúmer:

1.01

Mælikvarði:

1:1000

Telknað:

BA

Yfirfanti:

Samþykkt:

Verknúmer: 14052

Útgáfudagur:

16.09.2016

Teknislóð:

Úprentað:



BOLHOLT 8 -105 REYKJAVÍK
SÍMI: 570 5700 - FAX: 570 5701
arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

SIGURÐUR HALLGRÍMSSON,
HJÓRTUR PÁLSSON,

170753-3139 ARKTEKT
080152-4429 BYGG.FR.

SAMKOMULAG

Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignarsjóðs, kt. 570480-0149 og, Reir ehf. 550305-0380, Skólavörðustíg 18, gera með sér svofelldan samning vegna afnotaréttar af bílastæði fyrir hreyfihamlaða með fyrirvara með samþykki borgarráðs:

Embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík krefst þess, vegna lóðanna við og með vísan til ákvæða byggingarreglugerðar að útvega verði eitt bílastæði vegna krafna um stæði fyrir hreyfihamlaða, með hliðsjón af fyrirhugaðri starfsemi.

Eignarsjóður Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar heimilar afnot af einu stæði með fyrirvara á breytingu skipulags. Slík breyting gæti haft í för með sér tilfærslu á stæði þá er notkun og krafa um stæði fyrir hreyfihamlaða bundin við gististarfsemi. Krafan um fjölda stæða fyrir hreyfihamlaða gæti breyst við breytta starfsemi í húsinu síðar. Stæðið verður merkt með almennum hætti eins og tíðkast við merkingar á stæðum fyrir hreyfihamlaða skv. 6.2.6 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, og skv. gildandi reglum bílastæðasjóðs um merkingar á stæðum fyrir hreyfihamlaða á hverjum tíma. Afnotin eru ótímabundin og óuppseggjanleg í öðrum tilvikum en ofangreininir. Stæðið veitir ekki lóðarhafa eða gestum starfseminnar einkarétt á notkun þess.

Reir ehf. í samvinnu við Reykjavíkurborg mun taka horn úr gangstétt framan við stæðið á sinn kostnað í samráði við Guðmund Vigni hjá USK. Framkvæmdin er á ábyrgð Reir ehf. en um útfærslu skal hlýta fyrir mælum frá USK.


Staðsetning stæðisins er sýnd á meðfylgjandi fylgiskjali. Stæðið er staðsett við gengt Vegamótastíg 7 og 9.

Reykjavíkurborg annast merkingu stæðisins.


Greiðsla fyrir stæði þetta nemur kr. 1.979.349,- mv. byggingarvísitölu sept. 2016,

sem er eingreiðsla fyrir afnotarétt þennan. Reynist ekki unnt að fá leyfi til framkvæmda á borgarlandi til þess að uppfylla kröfur um stærð stæðis þarf að greiða fyrir annað stæði þ.e. 2 x kr. 1.979.349 .

Reykjavík 16.9.2016.


Samþykktur f.h. Eignarsjóðs Reykjavíkurborgar





Samþykkt f.h. Reir ehf.

v. Reykjavíkurborgar

Vottar að réttri dagsetningu,

hæfi og undirritun:


Gunnar Mír Juhósson

kt. 050724-2319


Hrefna Þórsdóttir

kt. 300988-2299